



Fundur háskólaráðs 7. febrúar 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 04.02.2002 09:27:26
Dags: 07.02.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

3/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 7. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Í upphafi fundar afhenti hópur stúdenta rektor undirskriftalista heilbrigðisstarfsmanna þar sem þess er krafist að inntökuprófum í læknadeild verði frestað um a.m.k. eitt ár.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram nefndarálit starfsnefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, „Framtíðarskipulag og uppbygging Landspítala-háskólasjúkrahúss”.
- 1.2 Lagður fram endurskoðaður samningur um Hafréttarstofnun Íslands.
- 1.3 Lögð fram ræða rektors við brautskráningu kandiata 2. febrúar sl.
- 1.4 Lagður fram samningur milli Háskóla Íslands og Reykjavíkurbildar Rauða kross Íslands um stofnun tímabundins starfs lektors í félagsráðgjöf á sviði sjálfbóðastarfa og félagasamtaka sem sinna velferðarþjónustu.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram bréf frá Maríu Jóhannsdóttur skrifstofustjóra heimspekideildar, dags. 14. desember sl. þar sem óskað er eftir breytingu á reglum um Háskóla Íslands nr. 458/2000. Í upptalningu kennslugreina til B.A.-prófs verði skotið inn orðinu „fornleifafræði” milli finnsku og frönsku. Í upptalningu kennslugreina til M.A.-prófs verði skotið inn „fornleifafræði” á milli ensku og heimspeki og fyrir aftan sagnfræði komi „tungutækni”.
- Samþykkt einróma.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Þorvarði Tjörva Ólafssyni formanni Stúdentaráðs, þar sem óskað er eftir að gefið verði frí frá kennslu frá klukkan 11, föstudaginn 13. september nk. vegna Stúdentadagsins.
- Samþykkt samhljóða að gefið verði frí frá kennslu frá kl. 12.00.
- 2.3 Lögð fram tillaga til háskólaráðs um að stofnað verði einkahlutafélagið Þekkingarþorp Háskóla Íslands ehf., til að vinna að uppbyggingu og rekstri vísindagarða á suð-austur svæði háskólalóðar, samkvæmt deiliskipulagstillögu sem samþykkt var af borgarráði 11. desember sl.
- Samþykkt einróma.
- 2.4 Lögð fram ályktun heimspekideildar ásamt greinargerð frá fundi deildarráðs heimspekideildar 25. janúar sl.
Ályktun heimspekideildar til háskólaráðs.
„Fundur deildarráðs heimspekideildar 25. janúar 2002 mótmælir eindregið þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við skiptingu launabóta frá ríkinu til Háskólans fyrir árið 2001. Deildir bera ekki ábyrgð á þeim kostnaðarhækkunum sem verða vegna kjarasamninga og úrskurðar kjaranefndar og ber því að bæta þeim allan þann kostnað. Launabótum á ekki að rugla saman við umbun til deilda fyrir þreyttar einingar og

rannsóknavirkni. Þessi vinnubrögð eru alvarleg ógnun við starfsemi heimspekideildar sem er í slæmri skuldastöðu vegna launahækkana síðustu missera.”

Erindið var rætt ítarlega. Oddný Sverrisdóttir beindi því til háskólaráðs, að við endurskoðun reiknilíkansins verði tekið tillit til þess að heimspekideild og guðfræðideild eru í reikniflokki 2 og ná ekki viðauka, þ.e. afkastahvetjandi áhrif líkansins virka ekki.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Tillaga um frestun inntökuprófa í læknadeild skv. breyttri skipan um eitt ár.

Rektor reifaði ítarlega helstu rök og framlögð gögn um málið. Inn á fundinn kom Stefán B. Sigurðsson, varadeildarforseti læknadeildar, og svaraði fjölmörgum spurningum og athugasemdum um málið. Ákveðið var að fresta ákvörðun til næsta fundar ráðsins.

3.2 a) Tillögur deilda um fjöldatakmörkun háskólaárið 2002-2003 (lagðar fram á seinasta fundi).

Fjöldatakmörkun í læknadeild. Samþykkt einróma að fresta ákvörðun um fjölda nemenda á 1. ári í læknisfræði. Samþykkt einróma að fjöldi nemenda á 1. námsári í sjúkraþjálfun takmarkist við töluna 20.

Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild. Samþykkt samhljóða að fresta ákvörðun um fjölda nemenda á 1. ári í hjúkrunarfræði. Samþykkt einróma að fjöldi nemenda í ljósmóðurfræði takmarkist við töluna 10.

Fjöldatakmörkun í tannlæknadeild. Samþykkt einróma að fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs takmarkist við töluna 6.

Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild. Samþykkt einróma að fjöldi nýrra nemenda í hagnýtri fjölmiðlun takmarkist við töluna 20. Samþykkt einróma að fjöldi nýrra nemenda í námsráðgjöf takmarkist við töluna 16. Samþykkt einróma að fjöldi nýrra nemenda í félagsráðgjöf takmarkist við töluna 18. Samþykkt samhljóða að fjöldi nýrra nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda takmarkist við töluna 50. Samþykkt einróma að fjöldi nýrra nemenda í cand. psych. námi takmarkist við töluna 12.

b) Tillaga að reglum um fjöldatakmörkanir.

- Frestað.

3.3 Áætlun um byggingar og viðhald.

Áætlun um byggingar og viðhald fyrir árið 2002 samþykkt. Heimilaðar eru framkvæmdir við Náttúrufræðahús á árinu 2002 fyrir allt að 100 m. kr. fram að útboði. Samþykkt að háskólaráð fái nákvæma kostnaðaráætlun fyrir lokaáfangna Náttúrufræðahúss áður en hann verður boðinn út.

3.4 Framhald vinnu við útfærslu rannsóknarsamnings ásamt tímaáætlun.

Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, og reifaði framlagt minnisblað til háskólaráðs um rannsóknasamning og næstu skref. Málið var rætt ítarlega. Í umræðunni var m.a. rætt um kynningarmál Háskólans og nauðsyn þess að koma rannsóknastarfi háskólakennara og fræðimanna á framfæri með markvissum hætti. Guðmundur G. Haraldsson óskaði eftir því að framlagt plagg fjármálanefndar og vísindanefndar „Fjárveitingar til rannsókna við Háskóla Íslands” frá árinu 2000 verði rætt sérstaklega síðar á fundi ráðsins.

3.5 Höfundarréttur og einkaleyfi. Umsagnir deilda, stofnana og annarra. Staða mála.

Halldór Jónsson gerði grein fyrir minnisblaði sínu um drög að reglum Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss um réttindi vegna hagnýtingar hugverka. Málið var rætt.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 17.05